

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

42. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILIÐ 2022-2026

Árið 2026, föstudaginn 13. mars kl. 8:30, var haldinn 42. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Jónas Ólafur Skúlason, Kjartan Geir Karlsson, Eiríkur Valgeir Scott og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 42. fund sveitarstjórnar
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
Rætt var um endurbætur á Samkomuhúsi Súðavíkur. Húsið hefur verið mælt upp og munu Sei arkitektar leggja fram hugmyndir að hönnun.
2. Sólmyrkvi 12. ágúst 2026
Sveitarstjórn leggur til að fundað verði með hagaðilum vegna sólmyrkvaatburðar þann 12. ágúst 2026 ásamt viðbragðsaðilum um safnstaði og þjónustu.
3. Fundargerð 51. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 11.3.2026
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
Varðandi lið 6. Í fundargerðinni – Vatnsveita á Langeyri, um er að ræða lagningu um það bil 1,3 km langa vatnslögn sem stendur til að undirbúa í útboð. Vatnslögn þarf að þjóna slökkvikerfi og fyrir atvinnustarfsemi.
4. Umsagnarmál, fundargerðir ofl.:
 - a. 505. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – sveitarstjórnarlög – frumvarp
Sveitarstjóra falið að senda inn umsögn í samræmi við umræður á fundinum.
 - b. Fundargerð 158. fundar Náttúrustofu Vestfjarða 3.3.2026
Lagt fram til kynningar.
 - c. Fundargerð 994. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 3.3.2026
Lagt fram til kynningar.
 - d. Fundargerð 993. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 18.2.2026
Lagt fram til kynningar.
 - e. Fundargerð 480. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands 16.2.2026
Lagt fram til kynningar.

5. Samkomuhúsið í Súðavík
Fyrirtöku frestað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

Kjartan Geir Karlsson

Kjartan Geir Karlsson

Bragi Þór Thoroddsen

Bragi Þór Thoroddsen

Jónas Ó. Skúlason

Jónas Ólafur Skúlason

E. Valgeir Scott

Eiríkur Valgeir Scott

Kristján Rúnar Kristjánsson

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti